

FÁLKASKÁTAMÓT 2025

Fréttabréf 1



Kæru skátar og Kæru skátavinir,

Fálkaskátamót verður haldið 7. - 10. ágúst 2025 á Þingvöllum. Mæting er um miðjan dag á fimmtudegi og farið er heim á sunnudegi.

Þema mótsins

Þemað verður „Á víkingaslóð“ og verður með svipuðu sniði og mótið á Úlfjótuvatni 2022.

Á mótinu verður leitast eftir því að fanga tíðaranda víkingaaldarinnar á Íslandi með því að taka þátt í fjölbreyttri dagskrá og setja upp Alþingis búðir. Þar fá þátttakendur tækifæri á að læra um Alþingi og siði og venjur víkinga hér forðum á sannkölluðum víkingaslóðum.

Mótinu verður skipt upp í fjögur höfuðbýli, líkt og tíðkaðist hér á landnámsöld, sem eru samsett af nokkrum mismunandi skátafélögum. Félög geta óskað eftir því að vera með vinafélagi sínu í höfuðbýli. Höfuðbýlin fjögur eru skýrð eftir þekktum slóðum víkinga úr landnámssögu Íslands; Stöng, Stöð, Eiríksstaðir og Hofstaðir.

Mótsgjald

Mótsgjald er 35.000 krónur fyrir þátttakendur og 12.000 krónur fyrir foringja. Hvert skátafélag fær einn frían foringja óháð þátttakendafjölda og síðan einn frían foringja fyrir hverja 7 þátttakendur. Innifalið í gjaldinu er öll dagskrá, gisting, einkenni og matur.

Skráning

Opnað verður fyrir skráningu á skraning.skatarnir.is föstudaginn 21. mars og henni lýkur á miðnætti **1. júní**. Mikilvægt er að skráningar berist á réttum tíma til þess að hægt sé að panta mat í tæka tíð fyrir mótið. Skráningu verður háttað þannig að BÍS mun innheimta mótsgjaldið beint frá þátttakendum, vilji félög halda um skráningu hjá sér t.d. til að innheimta í einu gjaldi mótsgjald og sameiginlegan kostnað eru þau beðin um að láta Skátamiðstöð vita. Þá er ætlast til að skráningum sé skilað til mótsins fyrir 1. júní og mótsgjöld greidd fyrir þátttakendur þess félags í beinu framhaldi.



Dagskrá

Nánari upplýsingar um dagskránnu munu berast í síðara upplýsingabréfi mótsstjórnar.

Það getur verið gaman að byrja að undirbúa skátana fyrir mótið á skátafundum bæði til að byggja upp eftirvæntingu fyrir stórmótum og einnig til að auglýsa mótið. Fyrir suma verður þetta einnig fyrsta útilegan og því gott að undirbúa þau fyrir tjaldbúðalífið.

Undirbúningur fyrir landsmót fálkaskáta

Við hvetjum ykkur til að fara yfir eftirfarandi atriði með skátunum ykkar fyrir mótið.

- **Útbúnaður:** Hvernig er best að pakka fyrir tjaldútilegu á Íslandi. Gott er að minna skátana á að þau geta fengið búnað lánaðan hjá vinum og ættingjum og þurfa ekki að kaupa allt nýtt.
- **Tjöldun:** Sniðugt er að hafa skátafund til að kenna þeim að tjalda tjöldunum sem þau munu sofa í á mótinu. Einnig er þetta sniðugur tími til að yfirfæra tjöldin.
- **Matur:** Höfuðbýlin sjá um að elda flestar máltíðir í sameiningu og því er sniðugt að vera búin að undirbúa skátana fyrir útiöldun.
- **Hnútar:** Fara yfir hnúta sem þau geta nýtt sér t.d. fánahnút sem er sniðugur í fánaathöfn og hestahnút sem er tilvalinn í súrringar.
- **Söngvar:** Það er alltaf skemmtilegast þegar allir geta tekið undir á kvöldvökunni. Minnum við á hin klassísku kvöldvökulög s.s. Ó stælti skáti, Skátasyrpuna, Þytur í laufi og Bakpokann.
- **Búningar og tjaldbúðaskreytingar:** Til að gera mótið sem skemmtilegast væri gaman ef krakkarnir kæmu með búninga í takt við þemað. Síðan er tilvalið að sveitin fündri saman tjaldbúðaskreytingu sem mun prýða mótssvæðið meðan á mótinu stendur.
- **Flokkun:** Við munum flokka á mótinu; pappa, plast og almennt rusl og er því um að gera að kenna skátunum í hvaða tunnu ruslið þeirra á að fara.

Þessi listi er að sjálfsögðu ekki tæmandi en við teljum að mótið verði mun skemmtilegra ef allar sveitir fara yfir þessi atriði 😊

Ef upp vakna spurningar varðandi mótið er hægt að senda póst á falkaskatamot2025@skatarnir.is

Með skátakveðju, Mótsstjórn.

